


# ÁSKELL LÖVE

GRASAFRÆÐINGUR

1916–1994



Áskell Löve, grasafræðingur, fæddist 20. október 1916 í Reykjavík. Foreldrar hans voru Carl Löve, skipstjóri og síðar vitavörður í Hornbjargsvita, og Þóra Jónsdóttir kona hans. Áskell var elstur sjö barna þeirra, en átti að auki nokkur hálf-systkini samfeðra. Hann fluttist til Vestfjarða með foreldrum sínum árið 1920 og ólst þar upp, aðallega á Ísafirði, og voru æskuárin þar honum ávallt ofarlega í huga. Á Ísafirði stundaði hann nám í Gagnfræðaskólanum og þar tók hann vorið 1932 sín „fyrstu spor í ríki jurtanna“, eins og hann orðaði það sjálfur, og naut við það leiðsagnar eins kennara síns, en þá um vorið hafði hann eignast Flóru Íslands. Sumarið eftir dvaldi Áskell í Hornbjargsvita í Látravík og fór þá töluvert um Hornstrandir og bæði athugaði plöntur og safnaði heilmiklu og þurrkaði, og fann þar margt merkra tegunda. Árið 1933 fluttist fjölskyldan aftur til Reykjavíkur og settist Áskell í Menntaskólann þá um haustið og lauk þaðan stúdentsprófi vorið 1937. Hann var prýðilegur námsmaður og það kom fljótlega í ljós að hann var einnig ágætlega ritfær og átti mjög auðvelt með að skrifa; til marks um það má nefna að á stúdentsprófi hlaut hann hin eftirsóttu Gullpennaverðlaun.

Haustið 1937 fór Áskell til Svíþjóðar og hóf nám í grasafræði við Háskólann í Lundi. Hann lauk kandidatsprófi þaðan 1941 og doktorsprófi 1943 með erfðafræði plantna sem sérgrein, aðeins 27 ára gamall. Doktorsritgerð hans fjallaði um undirættkvíslina *Acetosella* (hundasúrur) innan ætt-

kvíslarinnar *Rumex* (súrur). Á háskólaárunum í Lundi kvæntist Áskell eftirlifandi eiginkonu sinni, Doris Wahlén, en hún er einnig grasafræðingur og lauk doktorsprófi frá Lundi 1944. Þau hjónin voru mjög samrýmd og störfuðu alla tíð mikið saman að rannsóknum og ritstörfum. Þau eignuðust tvær dætur.

1945 fluttist Áskell heim og var ráðinn sérfræðingur í jurtakynbótum við Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans í Reykjavík, en því starfi gegndi hann til 1951. Þá fluttist hann vestur um haf og var aðstoðarprófessor í grasafræði við Manitobaháskóla í Winnipeg í Kanada 1951–1956; og 1956–1964 var hann prófessor í þróunarfræðilegri flokkun plantna við háskólann í Montreal í Kanada. Loks varð hann prófessor í grasafræði við Colorado-háskóla í Boulder í Bandaríkjunum árið 1964 og gegndi því starfi til 1973. Þá fluttist hann til San José í Kaliforníu og hélt þar áfram rannsóknum og ritstörfum á

meðan kraftar entust. En fyrir allmörgum árum fékk hann Parkinsonsveiki sem sífellt ágerðist og dró hann að lokum til dauða þann 29. maí 1994.

Áskell Löve var óvenju afkastamikill á starfsævi sinni við rannsóknir og ritstörf; hann skrifaði og/eða ritstýrði fjölda vísindalegra greina og bóka, eða alls um 460, auk margra umsagna um bækur og annarra smágreina. Verulegan hluta rannsókna sinna og ritsmíða vann hann í nánu samstarfi við Doris konu sína og stundum við aðra grasafræðinga. Starfs svið hans, og þeirra hjóna beggja, var flokkun, uppruni og útbreiðsla háplantna byggð á rannsóknum á frumufræðingum þeirra, einkum þó plantna til fjalla og á norðlægum slóðum en einnig víðar í Evrópu og Norður-Ameríku. Hann var einn af helstu brautryðjendum í þessum fræðum og því mjög vel þekktur meðal grasafræðinga á því sviði, ekki síst fyrir stór yfirlitsverk sem hann ritstýrði um litninga fjölda háplöntuflóru ákveðinna svæða, svo sem Íslands, Mið- og Norðvestur-Evrópu og arktískra landa.

Á síðari árum einangraðist hann að vísu nokkuð, þar sem hann var fastheldinn á það álit frá fyrri árum þessarar rannsóknadferðar að svo að segja allur breytileiki í gerð og fjölda litninga plantna ætti að endurspeglast í flokkun þeirra, þó sífellt fleiri drægju það í efa. Áskell var félagi fjölmargra vísindafélaga víðs vegar um heim, einkum á sviði grasafræði og erfðafræði, og tók virkan þátt í starfi sumra þeirra og sótti fjölda ráðstefna og funda. Formaður eða ritari nokkurra þessara félaga var hann um tíma og stjórnaði ýmsum ráðstefnum og þingum. Hann var m.a. félagi Vísindafélags Íslendinga. En hvar sem hann fór hélt hann því mjög á loft að hann væri Íslendingur, enda alla tíð einlægur Íslendingur í sér þó búsettur væri erlendis og notaði hvert það tækifæri sem gafst á ferðum vegna funda og ráðstefna til að heimsækja Ísland, einkum á meðan móðir hans var á lífi. Hún var honum mjög kær og var hann henni ætíð þakklátur fyrir að

hafa fyrst allra sýnt sér jurtir.

Af ritum Áskels eru einungis fá þekkt hér á landi, en sum þeirra eru þó mjög vel þekkt, einkum þó Íslenskar jurtir sem kom út 1945, og Íslensk ferðaflóra sem kom fyrst út 1970 en var endurskoðuð 1977 og loks endurprentuð 1981. Hún var síðan þýdd og gefin út á ensku 1983. Í Ferðaflóru, og þó einkum í hinni ensku útgáfu hennar, breytti Áskell latneskum heitum fjölmargra tegunda frá því sem áður hafði almennt verið notað til þess horfs sem hann taldi réttara. Um flestar þær breytingar voru fleiri honum ósammála en sammála. Þessar bækur hafa samt verið mikið notaðar af almenningi enda prýddar fjölda ágættra teikninga eftir norska listakonu, Dagny Tande Lid. Að auki skrifaði hann allmargar greinar um íslenskar plöntur í Náttúrufræðinginn, einkum á árunum sem hann dvaldist hér heima. Fjöldi greina um íslenskar plöntur, flokkun þeirra og uppruna, eftir Áskel birtist einnig erlendis, m.a. í sænskum tímaritum, og einnig er fjallað um íslenskt efni í bókum sem hann ritstýrði eða átti hlut að á annan hátt, svo sem safni erinda um lífverur við norðanvert Atlantshaf og sögu þeirra, sem voru flutt á ráðstefnu sem hann stjórnaði hér í Reykjavík árið 1962 og gefin út 1963.

Undirritaður kynntist Áskeli allnáið, einkum í sambandi við ráðstefnuna í Reykjavík 1962. Hann var mjög alúðlegur í viðmóti og sérstaklega hjálpsamur ungum manni sem var að byrja sinn starfsferil. Á nokkrum alþjóðaráðstefnum og þingum þar sem við hittumst kynnti hann mig fyrir og kom mér á framfæri við ýmsa kunna grasafræðinga sem margir voru vinir hansog hann þekkti því vel en ég aðeins af störfum þeirra og ritum. Ég hef ævinlega verið honum þakklátur fyrir alla þessa umhyggju og hjálpssemi og þótt það mikils virði að hafa fengið að kynnast honum, enda þótt ég væri ekki alltaf sammála honum í fræðunum frekar en margir aðrir.

Eyþór Einarsson.